



Pema ársins **Samgöngur**




Grænfánaverkefni vorið 2009

Leikskólinn er að sækja um Grænfánann í ár í fjórða skiptið. Til þess að fá fánann verðum við að leggja upp með ákveðið verkefni á tveggja ára fresti og fyrir valinu í ár urðu **samgöngur**. Markmiðið er að minnka loftmengun með breyttri hegðun starfsmanna og vonandi einnig hjá fjölskyldum barnanna.

Hver deild fyrir sig fer sína leið að markmiðinu enda ræður aldur barnanna nokkru um hvernig hægt er að nálgast verkefnið. Það verður heilmikil fræðsla fyrir starfsmenn og börnin sem væntanlega skilar sér lengra út í samfélagið og hvetur okkur öll til að endurskoða samgöngumáta okkar.



Það verða mörg og margvísleg verkefni sem við leggjum fyrir okkur og börnin og hvetjum við foreldra til að fylgjast vel með á sinni deild og helst taka þátt!! Einnig verða skráningar í lok hverrar viku sem hanga síðan uppi í viku í senn, á áberandi stað fyrir foreldra.



Það sem við vinnum með í grunninn er eftirfarandi:

- Fjöllum um hugtökin samgöngur og mengun
 - Skoðum ýmis samgöngutæki
- Búum til hugmyndavef um efnið í upphafi og í lok verkefnisins
- Fylgjast með hvernig börn og starfsmenn koma í leikskólann og skrásetjum og setjum upp í súlurit eða annað myndrænt form
 - Segjum sögur úr umferðinni
- Notum samverustundir á morgnana til umræðu um efnið
- Teiknum myndir af menguðu og ómenguðu umhverfi
 - Könnum umhverfishljóð

- Búum til samgöngutæki úr verðlausu efni
- Gerum samanburðarrannsóknir á ólíkum svæðum; er meiri bílaumferð við leikskólann en t.d. í Höfðaskógi?
- Verðum með bækur og annað fræðsluefni til staðar fyrir börnin yfir tímabilið
- Gerum könnun í upphafi og lok verkefnisins meðal starfsmanna og foreldra hvernig þeir koma daglega í leikskólann
- Elstu börnin hittast á umhverfiráðsfundi fjórum sinnum yfir tímabilið

**Verkefnið verður unnið frá
4. febrúar og fram til 15. maí.**

Opið hús verður á Norðurbergi

laugardaginn 6. júní

og verður sýning á verkefnum þemavinnunnar og annarri vinnu barnanna. Grænfáninn verður síðan dreginn að húni og bara hátíð í bæ!!

